

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Smiðjuvallahverfis.

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 11. júlí 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Smiðjuvallahverfis á Akranesi. Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Kalmannsvelli og felst í því að leyfður verður akstur neyðarbíla út á Esjubraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis meðfram Þjóðbraut.

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 11. júlí 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis meðfram Þjóðbraut á Akranesi.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir sér inn- og útakstursstútum við Innnesveg og breiðari aðkomu frá Þjóðbraut, að lóðinni nr. 14 við Þjóðbraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar taka þegar gildi.

Akranesi, 8. ágúst 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.